

1. júní 2026 – 30. fundur



Þjóðhagsráð


Dagskrá

1. Samtal ríkisstjórnar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um verðlagspróun í samhengi við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði
2. Önnur mál

Meiri líkur en minni á að forsendur kjarasamninga haldi ekki


Ný spá Seðlabankans gerir ráð fyrir að verðbólga verði yfir 5% út árið

Verðbólguspár hafa versnað



Án „Hormuz-áhrifa“ væri verðbólga markvert minni

Eldsneyti og flugfargjöld vega þungt í hækkun verðbólgu



*Leiðrétt fyrir upptöku kílómetragjalds

Upplaggið í sumar

Stýrihópur fulltrúa FOR, FJR, ASÍ og SA ber ábyrgð á vinnunni:

- Gerir **tillögur að aðgerðum til að hemja verðbólgu** til skemmri tíma og meðallangs tíma
- Skoðar **stöðu aðgerða** í yfirlýsingu ríkisstjórnar og SÍS vegna kjarasamninga í mars 2024
- Kallar eftir **mati á áhrifum átaka við Persaflóa á innlenda verðlagspróun**
- Þrír undirhópar og Kjaratölfræðinefnd vinna að **greiningum sem legið geta til grundvallar frekari vinnu og samtals** í haust

Þjóðhagsráð kemur saman 3. september nk.



Markmið og aðgerðir

1. Auka líkurnar á að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði haldi haustið 2026
 - Ekki frekari beinar aðgerðir ríkis til að hafa áhrif á verðbólgu í ár nema í tengslum við samstillt átak
 - Samhljómur um mikilvægi verkefnisins; hvatning til fyrirtækja, almennings og hins opinbera
2. Hemja verðbólgu til loka kjarasamninga árið 2028
 - Mat á mögulegum aðgerðum, kostnaði við þær og fjármögnun
 - Gjaldskrárbreytingar hins opinbera
3. Leggja fram greiningar sem geta legið til grundvallar frekari vinnu



Staða aðgerða í yfirlýsingunni frá mars 2024

- Yfirlýsingin tiltekur aðgerðir í 32 liðum og [farið var yfir stöðu þeirra fundi þjóðhagsráðs í mars sl.](#)
- Einkum hafa komið til tals í stýrihópnum aðgerðir er snúa að:
 - Áskorunum við uppbyggingu íbúða í almenna íbúðakerfinu. Stofnframlög ríkis ekki gengið út, 4,5 ma.kr. í afgang 2025. Á síðasta ári var stofnframlögum úthlutað í uppbyggingu 197 íbúða og 120 nýjar íbúðir teknar í notkun. Um 3000 íbúðir verið teknar í notkun í kerfinu frá upphafi.
 - Gjaldskrárbreytingum opinberra aðila



Undirhópur 1: Tekjutíundahópurinn

- Vinnur greiningu á **áhrifum vaxta, verðbólgu og verðtryggingar á mismunandi samfélagshópa.**
- Skoðar **þróun ráðstöfunartekna eftir tekjutíundum og fleiri breytum**, svo sem húsnæðisstöðu, aldri, fjölda barna og stöðu á vinnumarkaði.
- Hópurinn ræðir m.a. gögn og nálgun – Ítarlegar upplýsingar úr skattálagningu einstaklinga nýtast m.a. vel.
- Greining á þróun ráðstöfunartekna eftir tekjutíundum liggur nú þegar fyrir (næsta glæra).


Þróun tekna eftir tekjutiundum

Fyrstu niðurstöður undirhópsins


Uppsöfnuð hækkun meðal fullra þátttakenda á vinnumarkaði:

■ Launatekjur ■ Ráðstöfunartekjur — Vísitala neysluverðs

Milli 2015 og 2025



Milli 2023 og 2025



Heimild: Skattálagnir einstaklinga. 25 ára og eldri einstaklingar þar sem gögn úr skattálagningu eru marktæk. Þróun miðgildis tekna innan hvernar tekjutiundar. Launatekjur eru laun, hlunnindi og tekjur af eigin atvinnurekstri. Ráðstöfunartekjur eru launatekjur, lífeyristekjur, tilfærslutekjur, fjármagnstekjur og ýmsar greiðslur að frádregnum beinum sköttum og framlagi launamanns í lífeyrissparnað.
*Aðeins fólk sem áætlað er að taki fullan þátt á vinnumarkaði er talið með í greiningunni, miðað við launatekjur og atvinnuleysisbætur þeirra og tölur Hagstofunnar um dreifingu launa fullvinnandi.



Undirhópur 2: Sjálfvirknihópurinn

- Vinnur að **greiningu á valkostum** til að draga úr sjálfvirkum verðbreytingum
- Umfang sjálfvirka verðbreytinga umtalsvert; við breytingar á gjöldum opinberra aðila, í leigusamningum, verktakasamningum, ýmiskonar þjónustusamningum o.s.frv.
- Hópurinn gerir í sumar atlögu að því að kortleggja þetta umfang betur, ástæður og áhrif á verðlagsþróun og hagstjórn, ásamt valkostum til að draga úr sjálfvirkum verðbreytingum
- Mikil þekja sjálfvirkra verðbreytinga steinn í götu okkar við að halda verðbólgu lágri og stöðugri

Undirhópur 3: Launatölfræðihópur

- Aðilar vinnumarkaðar eru sammála um að þörf sé á ýtarlegri launatölfræði, svo sem gögnum um launagreiðslur, vinnutíma og unnar stundir, en verulega skortir einnig upplýsingar frá minni fyrirtækjum.
- Launatölfræðihópurinn mun kanna til **hlítar möguleika á heildarsöfnun launaupplýsinga** á íslenskum vinnumarkaði í samræmi við [skýrslu](#) nefndar um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga frá árinu 2019.

Greining á launaskriði

- Stýrihópurinn mun óska eftir því að Kjaratölfræðinefnd vinni greiningu á þróun launa umfram samningsbundnar launahækkanir („launaskriði“) frá gildistöku síðustu kjarasamninga á almennum og opinberum vinnumarkaði.
- **Gert er ráð fyrir að greiningar allra undirhópa og greining Kjaratölfræðinefndar á launaskriði liggi fyrir á fundi Þjóðhagsráðs 3. september nk.**